

7. september 2011 | Fylgst með gróðri á Skeiðarársandi

Í síðustu viku fóru nemendur úr NÁT103 í dagsferð út á Skeiðarársand. Tilgangurinn með ferðinni var að rannsaka merкта reiti og athuga breytingar og mæla vöxt plantna. Þetta er í þriðja skipti sem nemendur í þessum áfanga fara í ferð til að rannsaka gróðurframvindu á þessu svæði. Á sandinum í nánd við gömlu réttina fylgist FAS með fimm 25 fermetra afmörkuðum reitum. Í hverjum reit eru taldar trjáplöntur, þær flokkaðar eftir tegundum, hæð þeirra mæld svo og lengsti árssproti. Nemendur þurfa líka að áætla hlutfall gróðurþekju í hverjum reit og greina þær háplöntur sem þar eru.

Ferðin gekk ljómandi vel. Í nyrstu reitunum var þó áberandi mikil aska sem gæti haft áhrif á niðurstöður. Í þessari viku vinna nemendur úr mælingum þessa árs og bera saman við upplýsingar fyrri ára. Þó er hægt að segja að lengsti mældi árssproti var 47 cm og hæsta plantan er 161 sentimetrir. Hækkun á plöntum frá fyrra ári er ekki mikil en þeim fjölgaði mikið, einkum víðiplöntum.

Myndun rekla hefur einnig aukist og áberandi auking er á ummerkjum eftir skordýr. Á leiðinni heim kom hópurinn við í Skaftafelli og borðaði nesti og einnig var stoppað við Kvíarmýrarkamb til að skoða hop jökulsins og tína ber.

Eyjólfur Guðmundsson og Hjördís Skírnisdóttir